

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokk fólksins varðandi biðlista í íslenskuver

Á fundi borgarráðs þann 30. mars 2023 var lögð fram fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um biðlista í íslenskuver borgarinnar.

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort það sé biðlisti í íslenskuver borgarinnar. Ef svo er, hvað bíða margir nemendur eftir þjónustu íslenskuveranna sem eru fjögur?

Svar:

Íslenskuver er tímabundin þjónusta fyrir nemendur í 5. - 10. bekk sem eru nýfluttir til landsins, eru að hefja skólagöngu á Íslandi og þurfa stuðning í íslenskum grunnorðaforða. Í móttökuvíðtali í hverfisskóla er foreldrum kynnt úrræði íslenskuversins og tilgang þess. Nemendur eru skráði í sinn bekk og sækja kennslu í sínum heimaskóla a.m.k einu sinni í viku á meðan þau eru í íslenskuveri. Nemendur útskrifast úr íslenskuveri þegar þeir hafa uppfyllt hæfnisramma um fyrsta stig í í íslensku sem öðru máli. Forgangur í íslenskuveri byggist á annars vegar aldri nemenda, þ.e elstu nemendur hafa forgang, af hvaða málsvæði fólk kemur þar sem börn með tónmál hafa forgang og að lokum þeir sem nota annað letur en það latneska hafa forgang.

Í grunnskólum Reykjavíkur er áætlun um móttöku nýrra nemenda með íslensku sem annað móðurmál. Nemendur geta hafið nám í íslenskum skólum á hvaða námsstigi sem er og með mismunandi íslenskukunnáttu og menntunarbakgrunn. Nemendur með íslensku sem annað móðurmál fá stuðning í námi við að ná tókum á talmáli, skilning, hlustun, lestur, ritun, skólamál og námsfærni. Þeir nemendur sem komast ekki að í íslenskuveri fá áætlun um kennslu í íslensku sem öðru máli í sínum heimaskóla.

Í Austurmiðstöð við Ingunnarskóla hafa verið alls 24 nemendur við deildina og allir komist að miðað við 13. apríl 2023.

Í Suðurmiðstöð við Breiðholtsskóla hafa verið allt að 39 nemendur í verinu í vetur. Nemendur hafa beðið frá einni viku upp í þrjá mánuði en flestir hafa komist inn innan mánaðar. Þann 18. apríl 2023 voru 21 nemandi í verinu og tveir eru með þjónustu í sínum skóla og komast í íslenskuver á næstu vikum.

Í Vesturmiðstöð við Austurbæjarskóla hafa verið 32 nemendur og hefur ekki verið að hægt að taka á móti mörgum nemendum í 5.-7.bekk. Nokkrir hafa verið í þjónustu í sínum skóla í nokkra mánuði áður en þeir fara í íslenskuver. Þann 18. apríl 2023 voru allir komnir inn á unglingastigi en allir á miðstigi fá þjónustu í sínum skóla.

Í Norðurmiðstöð við Vogaskóla hafa 34 nemendur verið í íslenskuverinu. Allir sem sótt hafa um eru í þjónustu þar í dag.